


**Coca-Cola - Það er drykkurinn**

Coca-Cola hefur hún ferða, lífandi bragð, sem fullnægur smekk hins nýja tíma



Enginn drykkur er eins og Coca-Cola



**EVROPUKEPPNI  
MEISTARALIÐA**

**1975 - 1976**

**Í.A. - Dinamo Kiev**

**MELAVÖLLUR**

**5. NÓVEMBER 1975**

# FIAT

## 131 MIRAFIORI



DAVÍD SIGURÐSSON HF. — FIAT einkaumboð á Íslandi  
Síðumúla 35 — Reykjavík — Símar 38845 & 38888

## ÁVARP



Í kvöld bjóðum við knattspyrnuunnendur velkomna á leik Akraness og soveska liðsins Dinamo Kiev, besta félagsliðs Evrópu og jafnframt eins besta landsliðs álfunnar. Þetta er seinni leikur liðanna í 2. umferð í Evrópukeppni meistara-liða og ennfremur í fyrsta skipti sem íslenskt knattspyrnu-lið leikur í 2. umferð hér á landi.

Það er ávallt mikill viðburður þegar lið frá knattspyrnustórveldunum sækja okkur heim og sérstaklega hafa íslenskir knattspyrnuunnendur kunna að meta heimsóknir soveskra liða, enda mun það flestra álit, að aðrar þjóðir bjóði ekki upp á skemmtilegri knattspyrnu.

Að vísu eru aðstæður allar til keppni hér í kvöld ólíkar þeim, sem gestir okkar eiga að venjast, en Dinamo Kiev er þó ekki alveg ókunnugt þeim velli, sem keppt er á, þar sem félagið lék hér tvo leiki fyrir rökum hálfum öðrum áratug.

Um leið og akurnesingar bjóða sovetmennina velkomna til leiks, viljum við færa þeim bestu þakkir fyrir frábærar móttökur og gestrisni í sambandi við fyrri leik liðanna í Sovétríkjunum nýlega.

Við vonum að Íslandsferð þeirra verði þeim til jafn mikillar ánægju og ferðin til Kiev varð fyrir akurnesinga og að andi sannrar íþróttamennsku ríki hér í kvöld.

Velkomnir til Íslands.

Gunnar Sigurðsson,  
formaður Knattspyrnuráðs Akraness.

# HOTEL LOFTLEIÐIR VEITINGABÚÐ



Góðar veitingar,  
lipur þjónusta, lágt verð.  
Opíð frá kl. 05 til kl. 20 alla daga.



## ÁVARP

Сегодня вечером мы приглашаем любителей футбола на матч команды Акранесса с киевским "ДИНАМО", одной из лучших команд Европы. Это наша вторая встреча в четвертьфинале Европейского чемпионата команд - чемпионов и первая игра исландской команды на своем поле в этом четвертьфинале.

Прибытие команды одной из великих футбольных держав всегда является для нас большим событием, особенно ценят исландские любители футбола визиты советских игроков, которые постоянно показывают нам игру самого высокого класса.

К сожалению, условия сегодняшней встречи весьма отличаются от тех, к которым привыкли наши гости, хотя можно сказать, что киевское "ДИНАМО" все-таки имеет некоторый опыт игры на этом поле: динамовцы провели здесь два матча восемнадцать лет назад.

Говоря нашим советским гостям "добро пожаловать", мы еще раз выражаем нашу искреннюю благодарность за прекрасный прием и гостеприимство, оказанные нам во время встречи команд в СССР.

Мы надеемся, что пребывание наших гостей в Исландии доставит им такое же удовольствие, какое команда Акранесса получила от поездки в Советский Союз. И пусть настоящий спортивный дух царит на этой встрече.

Добро пожаловать в Исландию!

Гюннар Сигурдссон,  
председатель футбольного комитета  
гор. Акранесс.

# Sóknarleikur

Djurfur sóknarleikur er oft einkennandi fyrir nútíma knattspyrnu. En sókn getur óvænt breytt í varnarleik. Þá er gott að hafa sterkan bakhjarl, til þess að geta undirbúið sókn að nýju.

Sóknarleikur lýtur sömu lögmálum í daglega lífinu.

Reglubundin sparifjáröfnun getur gefið þér sterka vörn að baki, þegar á reynir.



**LANDSBANKINN**  
Banki allra landsmanna

## KYNNING

### Á LEIKMÖNNUM Í.A.

*David Kristjánsson, markvörður.* 23 ára og trésmiður að atvinnu. Lék fyrst með meistaraflokki Í.A. 1968 og hefur leikið 115 leiki.



*Hörður Helgason, markvörður.* 25 ára og kennari að atvinnu. Lék fyrst með Fram, en flutti til Akraness 1972 og hefur leikið 30 leiki með Í.A. og 2 unglingslandsleiki.



*Björn Lárusson, bakvörður.* 30 ára skrifstofumaður. Hann er leikreyndasti maður Í.A.-liðsins með 250 leiki að baki. Björn var áður framherji og hefur skorað 75 mörk. Hefur leikið 10 landsleiki, þar af 4 á þessu ári. Auk þess lék hann 2 leiki með landsliði undir 23 ára og 2 B-landsleiki. Björn hóf að leika með meistaraflokki Í.A. 1962 og hafði þá gengið í gegnum alla flokka Í.A.



*Benedikt Valtýsson, bakvörður.* 29 ára og vélvirkir að atvinnu. Hóf að leika með Í.A. 1963 og hefur 185 leiki að baki og skorað 4 mörk í þeim.







**STEINSTEYPA  
ÚR BEZTU  
FÁANLEGU  
SJÁVAREFNUM**

**B.M. VALLÁ F**

**SIMAR 32563 85833**

*Guðjón Þórðarson, bakvörður. 20 ára og nemur rafvirkjun. Lék fyrst með meistaraflokki í.A. 1972 og hefur leikið 61 leik og skorað 1 mark. Guðjón lék 7 unglíngalandsleiki.*



*Steinn Helgason, bakvörður. 21 árs trésmíðanemi. Hefur leikið 10 leiki með meistaraflokki í.A. síðan 1971.*



*Jón Gunnlaugsson, miðvörður. 25 ára og trésmíður að atvinnu. Lék fyrst með meistaraflokki 1968 og á að baki 160 leiki og hefur skorað 22 mörk í þeim. Jón hefur leikið tvo landsleiki, annan á þessu ári.*




*Jóhannes Guðjónsson, miðvörður. 24 ára og nemur endurskoðun. Lék fyrst með meistaraflokki árið 1968 og hefur leikið 74 leiki.*



*Þróstur Stefánsson, miðvörður. 30 ára skrifstofumáður. Hóf að leika með í.A. árið 1965 og á að baki 227 leiki og hefur skorað 4 mörk í þeim. Þróstur hefur leikið 5 landsleiki.*





GEFUR  
UNDRÁ-  
GLJÁÁ

*Haraldur Sturlaugsson, miðvallarleikmaður.* 26 ára framkvæmdastjóri. Hóf að leika með meistaraflokki 1966 og á að baki 141 leik og hefur skorað 9 mörk. Hefur leikið 7 landsleiki.



*Árni Sveinsson, miðvallarleikmaður.* 19 ára trésmíðanemi. Tvímælalaust athlygisverðasti leikmaður, sem komið hefur fram á þessu ári. Hefur 42 leiki að baki með Í.A. og skorað 9 mörk í þeim. Árni hefur leikið 5 landsleiki nú í sumar og skoraði meðal annars mark Íslands í jafnteflisleiknum gegn norðmönnum.



*Jón Alfreðsson, miðvallarleikmaður.* 25 ára verkamaður. Fyrirliði liðsins á leikvelli. Hóf að leika með meistaraflokki 1966 og á að baki 216 leiki og hefur skorað 23 mörk. Jón hefur leikið 4 landsleiki, þar af 3 á þessu ári.



*Karl Þórðarson, framherji.* 20 ára rafvirkjanemi. Hóf að leika með meistaraflokki Í.A. 1972 og á að baki 85 leik og hefur skorað 8 mörk í þeim. Karl lék einn unglíngalandsleik árið 1973. Hann lék sinn fyrsta landsleik gegn Frökkum í september s.l.



*Teitur Þórðarson, framhætti.* 23 ára og bílstjóri að atvinnu. Hóf að leika með meistaraflokki árið 1969 og hefur leikið 158 leiki og skorað 79 mörk í þeim. Teitur hefur leikið 20 landsleiki, þar af 9 á þessu ári.





*Hörður Jóhannesson, framberji. 21 árs nemi í rennismíði. Hóf að leika með meistara-flokki 1971 og hefur 95 leiki að baki og skorað 16 mörk í þeim.*



*Matthías Hallgrímsson, framberji. 28 ára og rafvirki að atvinnu. Hóf að leika með meistaraflokki árið 1965 og á að baki 235 leik og í þeim skorað 128 mörk. Matthías hefur leikið fleiri landsleiki heldur en nokkur annar íslenskur knattspyrnumaður eða 37, þar af 9 á þessu ári.*



*George Kirby, þjálfari. Fæddur í Liverpool árið 1935. Hóf sinn leikferil með Everton árið 1950 og lék síðan m.a. með Sheffield Wednesday, Plymouth, Coventry City og endaði sinn keppnisferil með Cosmos í New York. Lék yfir 400 leiki með aðalliði og skoraði 160 mörk. Hann var ráðinn þjálfari hjá Halifax Town árið 1968, framkvæmdastjóri Preston North End 1969 og framkvæmdastjóri Watford í ágúst 1971. George Kirby hefur þjálfað lið akurnesinga síðustu tvö keppnistímabil með mjög góðum árangri.*

**Candy**

Mest selda þvottavélin hérlandis um árabil



*Íslandsmeistarar 1.A. 1975.*

## DINAMO KIEV

Valerí Lobanovskí, aðalþjálfari Dinamo Kiev, núverandi sovétmeistara í knattspyrnu, hefur sagt að það sé að vísu gott að búa við góðan orðstír, en það þýði um leið að menn megi ekki fara niður fyrir þá spilamennsku sem áhorfendur séu vanir.

Kiev-liðið er í dag óumdeilanlega besta lið Sovétríkjanna og reyndar Evrópu, og hefur undanfarin misseri unnið glæsilega sigra bæði heima og erlendis, hvort heldur sem félagslíð eða landslíð. Liðið er sétlega skemmtilegt, leikmenn búa yfir mikilli knattmeðferð, skipulagið er frábært og með liðinu leika frábærir einstaklingar. Mjög athyglisvert er, hversu varnarmennirnir taka mikinn þátt í sóknarleiknum.

Þetta er í fjórða skipti sem Dinamo Kiev tekur þátt í Evrópukeppni meistara-liða.

Árið 1967—68 gerði liðið jafntefli 1:1 við Celtic í Kiev, en vann 2:1 í Glasgow. Í næstu umferð gerði það jafntefli við tyrkneska liðið Gornik 1:1 í Tyrklandi en tapaði 1:2 í Kiev.

Árið 1969—70 tapaði Dinamo fyrir Austria í Vínarborg 1:2, en vann á heimavelli 3:1. Í næstu umferð tapaði liðið fyrir ítalska liðinu Florentino í Kiev 1:2, en gerði jafntefli á Ítalíu 0:0.

Árið 1972—73 var fyrst leikið við Swarovski Wacker í Austurríki og unnið 1:0 og einnig á heimavelli 2:0. Í næstu umferð vann Dinamo Gornik 2:0 í Kiev, en tapaði 1:2 á útivelli. Í undanúrslitum gerði liðið jafntefli við Real Madrid á heimavelli 0:0, en tapaði 0:3 á Spáni.

Í yfirstandandi Evrópukeppni lék liðið fyrst við Olympiakos og gerði jafntefli í Grikklandi 2:2, en vann 1:0 á heimavelli. Síðan var Akranes næsti mótherji.

Meistarar meistaranna — Dinamo Kiev.







*Oleg Blokhin, snjallasti knattspyrnumaður Sovétríkjanna.*

## **KYNNING Á LEIKMÖNNUM DINAMO KIEV**

JÉVGENÍ RÚDAKOF, markvörður. 33 ára og mjög stór og sterklegur leikmaður. Var kosinn besti knattspyrnumaður Sovétríkjanna árið 1972.

VALERÍ SAMOKHÍN, markvörður. 27 ára og hefur drjúga reynslu. Hann hefur tekið stöðu Rúdakof alloft að undanfögnu, þar sem aldurinn er farinn að segja til sín hjá þeim síðarnefnda.

VLADÍMIR TROSKÍN, varnarmaður. 28 ára og mjög sókn-djarfur varnarmaður. Hann var áður miðvallarleikmaður og hefur mikil áhrif á leikstíl Dinamo Kiev.

STEFAN RESJKO, varnarmaður, 28 ára.

MÍKHAÍL FOMENKO, varnarmaður, 27 ára.

VIKTOR MATVÍENKO, varnarmaður, 27 ára.

ANATOLÍ KONKOF, varnar- eða miðvallarleikmaður. 26 ára og mjög traustur leikmaður, sem hefur fullkomnið vald á knettinum og er óþreytandi jafnt í vörn sem sókn.

VLADÍMIR VEREMÉEF, miðvallarleikmaður, 27 ára.

VLADÍMIR MÚNTJAN, miðvallarleikmaður, 29 ára.

VIKTOR KOLOTOF, miðvallarleikmaður. 26 ára og fyrirlíði liðsins. Mjög snjall leikmaður eins og aðrir miðvallarleikmenn liðsins, en þessir leikmenn mynda sterkasta kjarna þess.

OLEG BLOKHÍN, framherji. 23 ára og einhver besti knattspyrnumaður í heiminum í dag. Hann skoraði öll mörkin þrjú gegn Bayern München í keppninni um titilinn meistara meistaranna nýlega. Blokhín hefur verið markhæsti leikmaðurinn í sovésku 1. deildinni síðustu þrjú árin. Hann var valinn besti knattspyrnumaður Sovétríkjanna árin 1973 og 1974. Blokhín leikur varnarmenn oft mjög grátt, þar sem hann býr yfir miklum hraða og er að auki frábær skytta, einkum með vinstri fæti.

VLADÍMIR ONÍSJENKO, framherji, 26 ára. Mjög áráðinn og duglegur leikmaður, sem leggur mjög hart að sér í leik. Hann hefur mjög næma tilfinningu fyrir réttum staðsetningum og er einkar laginn við að „pota“ boltanum í netið.

VALERÍ LOBANOVSÍ, þjálfari, 40 ára. Hann var lengi vinstri útherji hjá Dinamo Kiev og landsliðinu, en þjálfar nú bæði þessi lið. Hann þótti mjög sérstæður leikmaður. Lobanovskí hefur verið líkt við taugaóstyrkan skólastrák, sem er að ganga undir próf, þegar hann horfir á strákana sína leika.

- 
- Ef þér eigið leið um Hvalfjörð er sjálfsagt að koma við í Olústöðinni. Okkar ágætu afgreiðslumenn sjá um að láta fyrir yður olfur og bensín á bílinn og á meðan getið þér fengið yður hressingu.

- Við bjóðum samlokur, smurt brauð, nýbakaðar skonsur, kleinur og pönnukökur o. fl. bakkelsi.

Nýlagað kaffi, te og súkkulaði, öl, gosdrykki og sælgæti og gott viðmót.

- Opíð frá kl. 8 að morgni.



## Olústöðin Hvalfirði

Sími 93-5124

---

## Pótt erfiðið sé mikið er ánægjan meiri



### — rætt við Harald Sturlaugsson stjórnmann knattspyrnuráðsins og leikmann Í.A.

— Að standa uppi sem Íslandsmeistari að hausti eftir erfiði sumarsins er vissulega þægileg tilfinning, já, í því er fólgin mikil ánægja, en mér hefur alltaf fundist hitt meira virði til endurgjalds fyrir allt það erfiði sem maður leggur á sig sem leikmaður, að fá að njóta félagsskaparins með strákunum í liðinu. Að taka þátt í sameiginlegri gleði hópsins þegar vel gengur, ellegar þá að bera byrðarnar saman þegar miður gengur. Að eiga þarna hóp af vinnum sem allir leggjast á eitt að gera sitt besta, vinna að sameiginlegu marki. Í þessu tel ég mestu ánægjuna fólgu af að leggja á sig þær löngu og ströngu æfingar og þá miklu vinnu sem þarf að inna af hendi til þess að vinna sigra, sagði Haraldur Sturlaugsson, sem auk þess að vera einn af lykilmönnum meistaraliðs ÍA á sæti í stjórn knattspyrnuráðsins og var meira að segja formaður þess í fyrra, er við ræddum við hann á dögnum um eitt og annað sem viðkemur knattspyrnumönnum, bæði hjá ÍA og öðrum hér á landi.

— Og það vil ég einnig taka fram, að þegar maður stendur uppi sem Íslandsmeistari eins og við strákarnir höfum gert s.l. tvö skipti, þá er maður minnst stoltur fyrir sjálf síns hönd, maður er stoltastur fyrir hönd bæjarfélagsins okkar hér á Akranesi. Við vitum það ósköp vel leikmennirnir, og það vita það auðvitað engir betur en við, hve fast akurnesingar og aðrir áhængendur liðsins standa við bakið á okkur. Hver einasti maður á Akranesi lætur sig það skipta hvernig okkur gengur og það er almenningur hér heima



**SVANUR HF.**

Sælgætisgerðin  
**VÍKINGUR**



Vitastíg 11 — P.O. Box 516 — Símar: Skrifstofan og sölumenn  
11414 3 línur — 14928

## Knattspyrnumenn

SÚKKULADI ALLRA LÍF OG YNDI

**VÍKINGS-** fyrir leik

**VÍKINGS-** í leikhléi

**VÍKINGS-** eftir leik

**SÆLGÆTISGERÐIN VÍKINGUR**

sem gleðst jafnvel meira en við strákarnir þegar okkur vegnar vel. Þegar svo verr gengur þá fækkar á vellinum og menn halda að það hafi verið snúið við okkur bakinu. Það held ég að sé ekki rétt. Fólkið hefur einfaldlega svo mikið dálæti á liðinu sínu að það getur ekki horft uppá það tapa, það vill heldur vera fjarri og fá fréttirnar þannig, heldur en horfa á einhver lið fara illa með uppáhaldið sitt.

— Ofan á allt þetta bætist svo það, að við strákarnir vitum vel að við höfum meira að verja en flest önnur lið. Við höfum fram að þessu lifað í skugga „gullaldarliðsins“. Það gerði garðinn frægann og það er ætlast til þess af okkur að við látum ekki merkið síga. Akranes er frægasti knattspyrnubær landsins og það er okkar verk að halda þeirri frægð við. Þetta vitum við ósköp vel og þetta yfir kannski enn meira á að leggja sig alla fram. Og svo þegar sigurinn vinnst, ja, þá höfum við gert það sem til var ætlast af okkur.

— Nú hefur þú verið leikmaður og jafnframt formaður ráðsins og nú í ár stjórnarmeðlimur þess, hvernig ferðu að því að sinna þessu öllu?

— Það er auðvitað dálítið erfitt og í fyrra þegar ég var formaður ráðsins var um alltof mikið starf að ræða. Þess vegna hætti ég sem formaður og í ár höfum við skipt með okkur verkum í stjórninni og mitt starf hefur aðallega verið fólgið í samskiptunum við þjálfarann og öllu því sem að honum snýr, þannig að það hef komið mun betur út en allt það starf sem maður þurfti að leysa af hendi í fyrra, enda er starf formannsins alltaf lang mest.

— Nú er mikið á ykkur leikmennina lagt, mér er sagt að eftir að erlendu þjálfararnir komu sé það meira en nokkru sinni fyrr, telur þú að álagið sé orðið eins mikið og það frekast getur orðið, miðað við áhugamenn?

— Alveg tvímælalaust. Ég fæ ekki séð að það sé hægt að leggja meira á menn en gert er án þess að greiðslur komi til, sem útlök að er að hægt sé að inna af hendi til leikmanna hér á landi eins og málin standa í dag, hvað sem síðar kann að verða. Það er eitt atriði í þessu sem ég tel að sé mjög mikilvægt, en það er að hægt sé að hafa æfingar það snemma, að þeim sé lokið kl. 19. Við það teldi ég mikið ávinnast. En þetta hefur því miður ekki verið hægt, vegna þess að menn hætta að vinna á mismunandi tíma á daginn, og hér á landi er hver vinnandi maður svo þýðingarmikill, ekki síst í litlum bæ eins og Akranesi, að atvinnulífið myndi bera skaða

---

Frysting og söltun sjávarafurða

**Hraðfrystihúsið HEIMASKAGI HF.**

Akranesi

Símar: Skrifstofa 93-1725 — Frysting 93-1117 — Söltun 93-2165

---

Erum kaupendur að öllum bræðslufiski

**Sildar- og fiskimjolsverksmiðja Akraness hf.,**

Akranesi

Símar: Skrifstofa 93-1725 — Verksmiðja 93-1953

---

**SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS**

**Matarbúð**

Vesturgötu 48 · Akranesi · Símar 2033 & 2046

**Býður yður mikið vöruúrval**

**Vörugæði**

**Hagstætt verð**

S.S. gæðafæða bragðast best

---

af því ef menn færu úr vinnu kl. 16 á daginn eða svo. En ef þetta væri hægt, þ.e. að ljúka æfingum fyrir kl. 19 þá ættu menn frí á kvöldin, en það að vera að heiman flest kvöld vikunnar allt vorið og sumaríð er það sem fjölskyldumenn setja helst fyrir sig, sem eðlilegt er.

— Er ekki allt annað og betra að starfa sem stjórnarmaður og eins að vera leikmaður þegar svona vel gengur eins og gert hefur hjá ykkur s.l. tvö ár?

— Því er ekki saman að líkja. Þegar illa gengur og leikur tapast, þá koma upp margskonar vandamál. Hvað er að, hvers vegna tapaðist leikurinn o. s. frv., nú, en þegar vel gengur og leikur vinnst, ja, þá er allt í lagi og engin vandamál á ferðinni.

— Nú langar mig að minnast á viðkvæmt mál, nú hafið þið verið í sérflokk í hér á landi í tvö ár, orðið Íslandsmeistarar og verið í úrslitum í bikarnum í bæði skiptin, en hvers vegna vinnst bikarinn aldrei?

— Þessu er nú erfitt að svara. En ef við tökum leikinn við ÍBK í haust, þá held ég að landsliðsferðin rétt fyrir leikinn, þar sem við áttum 7 menn í hópnum, hafi gert útslagið. Það var greinilegt að þegar leikmennirnir komu heim, þremur dögum fyrir leik, þá voru þeir örþreyttir og sú þreyta orsakaði það að okkur vantaði herslumuninn á að vinna leikinn. Það er auðvitað létt verk að koma með afsakanir en þetta held ég að hafi ráðið úrslitum í ár. Nú, hinu er ekki að neita að þetta er farið að leggjast þungt á okkur að vera ár eftir ár í úrslitum í bikarnum en vinna hann aldrei, ætli megi ekki flokka þetta orðið undir hjátrú eða sálfræðilegt vandamál hjá mannskapnum, ég segi nú svona.

— Nú hefur þú æft og leikið undir stjórn góðra innlendra þjálfara og fyrsta flokks erlends þjálfara, hver er helsti munurinn þar á?

— Það sem mér finnst hvað mest áberandi er hve sá erlendi þjálfari sem hjá okkur hefur verið, Kirby, kemur vel undirbúinn á æfingar og hve vel hann fylgist með öllum nýjungum og hve vel æfingarnar eru skipulagðar hjá honum. En við verðum að gæta þess, að hann gerir ekkert annað en að þjálf okkur. Hann hefur því allan daginn til að undirbúa sig. Og þessir menn þeir hugsa ekki um annað en þetta starf sitt, enda eiga þeir allt undir því að standa sig. Þeir hafa aldrei gert neitt annað en að leika knattspyrnu og síðan að þjálf, kunna kannski ekki annað starf, og verða þess vegna að standa sig. Íslensku þjálfararnir vinna jafn



---

NÝLAGNIR Í HÚS

★

VIÐGERDIR Á HEIMILISTÆKJUM

★

Umboð: **IGNIS** og **CANDY**

★

Rafverktaki:

**Matthías Halgrímsson**

Heiðarbraut 7 — Akranesi — Sími 1286.

---

**Björgun hf.**

Sævarhöfða 13 — Reykjavík

**SELJUM SAND OG MÖL**

Tökum að okkur bjarganir á strönduðum  
og sokknum skipum.

---

lengi og við strákarnir og hafa því miklu minni tíma til að undirbúa sig og til að fylgjast með nýjungum og eiga miklu minna undir því að standa sig, heldur en þeir erlendu. Ég er alveg viss um að ef okkar bestu þjálfurum væru sköpuð sömu skilyrði og þeim erlendu, þá myndu þeir standa sig margir hverjir ekki lakar en þeir erlendu. En þá er það spurningin hvort þeir myndu ekki fá sér aukavinnu á daginn, við vitum allir hvernig við Íslendingar erum, en þetta er nú sagt meira í gamni en alvöru.

— Myndir þú þakka velgengni ykkar sl. tvö ár einhverju einu öðru fremur?

— Ég veit ekki. Það fer náttúrulega ekkert á milli mála að við höfum verið með einhvern besta þjálfara sem hingað hefur komið og auðvitað er hans þáttur stærstur. En samheldnin hefur líka verið eins góð hjá liðinu og frekast er unnt og svo er eitt sem ég vil taka mjög skýrt fram en það eru varamennirnir hjá okkur. Þeir hafa margir hverjir setið á bekknum í tvö ár, en samt hafa þeir aldrei möglað og verið manna fyrstir á æfingar og lagt á sig jafnvel meira en margir aðrir. Nú eru þessir strákar að koma inn í liðið og verða fastir með það sama. Það er óborganlegt að eiga unga menn með þann hugsunarhátt sem þeir hafa þessir strákar, sem eru svo sterkir að það eitt að breyta ekki sigurliði veldur því að þeir komast ekki inn. Slík breidd hjá einu liði er líka kannski mesti styrkleiki þess.

— Þær raddir heyrast oft Haraldur, að keppnisferðir íslenskra íþróttamanna séu lúxusferðir, sem borgi allt það erfiði sem þeir leggja á sig til að komast í slíkar ferðir, ertu sammála þessu?

— Nei, það er ég ekki. Þessar ferðir eru ekki neinar skemmtiferðir. Þær standa stutt, það eru löng og erfið ferðalög og þær eru teknar alvarlega, enda fara menn þær til þess að standa sig sem best í keppni, til þess að vera sjálfum sér, liði sínu og landi til sóma. Og menn leggja ekki allt þetta erfiði á sig til þess að komast í þessar ferðir, þær eru einfaldlega afleiðing af vel unnu starfi hér heima, en ekki að þær séu neitt sérstakt keppikefli í sjálfu sér fyrir menn, svo erfiðar sem þær eru.

— Og að lokum, heldurðu að allir strákarnir verði með næsta sumar?

— Já, það held ég, flestir að minnsta kosti, ég veit ekki annað.

— S.dór

## Mastre

Fótboltar  
Körfuboltar  
Handboltar  
Blakboltar

## Mitre

Knattspyrnskór  
Fótboltar  
Körfuboltar

## Møbus

Knattspyrnskór  
Handboltaskór  
Körfuboltaskór  
Töskur o. fl.

Árangurinn og getan byggist á  
góðum útbúnaði.

Selt hjá næsta  
sportvörukaupmanni.

## Hoffell sf.

Ármúla 1  
Símar 83830 & 82166.

## Í.A. - Dinamo Kiev

Á MELAVELLI

MÍÐVIKUDAGINN 5. NÓVEMBER KL. 20.00

### Lið Í.A.

Davíð Kristjánsson  
Hörður Helgason  
Benedikt Valtýsson  
Björn Lárusson  
Guðjón Þórðarson  
Jóhannes Guðjónsson  
Jón Gunnlaugsson  
Steinn Helgason  
Próstur Stefánsson  
Árni Sveinsson  
Haraldur Sturlaugsson  
Hörður Jóhannesson  
Jón Alfreðsson, fyrirlíði  
Karl Þórðarson  
Matthías Hallgrímsson  
Teitur Þórðarson

Þjálfari:  
George Kirby

Dómari:  
M. Wright  
N-Írlandi

### Lið Dinamo Kiev

J. Rúðakof  
V. Samokhin  
V. Trósjkín  
S. Résjko  
M. Fomenko  
V. Matvienko  
A. Konkof  
V. Véremečf  
V. Kolotof, fyrirlíði  
V. Múntjan  
O. Blokhín  
V. Onísjenko  
A. Shepel

Þjálfari:  
V. Lobanovski

Línuverðir:  
S. Patterson  
H. Wilson

## Berri

Nylongallar  
Crepegallar  
Frotty-bómullargallar

## Berri

Peysur  
Buxur  
Sokkar

## Berri

Leikfimisföt  
Sundfatnaður

Ef þetta er með til leikja —  
má vænta árangurs.

Fæst hjá næstu sportvöruverslun.

## Hoffell sf.

Ármúla 1  
Símar 83830 & 82166.

Knattspyrnuráð Akraness færir öllum þeim sem styrkt hafa útgáfu þessarar leikskrár, bestu þakkir.

### Frá Akranesi og nágrenni:

Akraness Apótek  
 Almennar Tryggingar hf., Akranesumboð  
 Axel Sveinbjörnsson hf.  
 Bifreiðaverkstæðið Brautin  
 Bílasala Hinriks  
 Bíóhöllin  
 Bókaverslun Andrésar Nielssonar hf.  
 Fatagerðin hf.  
 Fiskidjan Arctic hf.  
 Gler & málning sf.  
 Hafbjörg hf.  
 Haraldur Böðvarsson & Co. hf.  
 Harðarbakarí hf.  
 Hörpuútgáfan  
 Kaupfélag Borgfirðinga  
 Krossvík hf.  
 Landsbanki Íslands, útibúið á Akranesi  
 Málningarþjónustan hf.  
 Oliufélagið Skeljungur hf.  
 Prentverk Akraness hf.  
 Ríkharður Jónsson, málara- og veggfóðrunarverktaki  
 Samvinnubankinn, Akranesi  
 Samvinnutryggingar, Akranesi  
 Skagaver hf.  
 Trésmiðjan Akur hf.  
 Þorgeir & Ellert hf.  
 P. P. P.

|                                 |     |        |
|---------------------------------|-----|--------|
| 1. Björn Lárusson .....         | 250 | leikir |
| 2. Matthías Hallgrímsson .....  | 235 | —      |
| 3. Pröstur Stefánsson .....     | 227 | —      |
| 4. Jón Alfreðsson .....         | 216 | —      |
| 5. Sveinn Teitsson .....        | 188 | —      |
| 6. Jón Leósson .....            | 187 | —      |
| 7. Ríkharður Jónsson .....      | 186 | —      |
| 8. Benedikt Valtýsson .....     | 185 | —      |
| 9. Helgi Danielsson .....       | 166 | —      |
| 10. Jón Gunnlaugsson .....      | 160 | —      |
| 11. Þórður Jónsson .....        | 159 | —      |
| 12. Teitur Þórðarson .....      | 158 | —      |
| 13. Haraldur Sturlaugsson ..... | 141 | —      |
| 14. Helgi Hannesson .....       | 136 | —      |
| 15. Kristinn Gunnlaugsson ..... | 136 | —      |

### ÁRANGUR MEISTARAFLOKKS Í.A. FRÁ 1946.

#### SUNDURLIÐAÐUR EFTIR KEPPNUM

|                          | L   | U   | J  | T   | Mörk     |
|--------------------------|-----|-----|----|-----|----------|
| Íslandsmót .....         | 240 | 120 | 47 | 73  | 537:380  |
| Bikarkeppni KSÍ .....    | 44  | 25  | 3  | 16  | 97: 75   |
| Meistarakeppni KSÍ ..... | 8   | 1   | 2  | 5   | 11: 22   |
| Litla-bikarkeppnin ..... | 73  | 40  | 15 | 18  | 192:119  |
| Aukaleikir .....         | 110 | 46  | 20 | 44  | 311:287  |
| Evrópukeppni .....       | 7   | 1   | 1  | 5   | 5: 24    |
| Samtals .....            | 482 | 233 | 88 | 161 | 1153:907 |

## Frá Reykjavík og nágrenni:

Ábyrgð hf., tryggingarfélag bindindismanna, sími 26122  
Andri hf., Borgartúni 29, sími 26950  
Árni Guðjónsson hrl., Garðastræti 17, símar 12831 og 15221  
Bernhard Petersen, sími 11570  
Björgvin Schram, Tryggvagötu 8, sími 24340  
Bólstrun Harðar Péturssonar, sími 32025  
Borgarbilastöðin  
Breiðholt hf.  
Carl A. Bergmann, sími 18611  
Dagblaðið  
Efnagerðin Valur hf., sími 40795  
Ferðaskrifstofa Zoëga hf.  
Glerborg hf, Dalshrauni 5, sími 53333  
Happdrætti DAS  
Henson sportfataverksmiðja, sími 11313  
Múlakaffi, Hallarmúla  
Nýja ljósprentstofan, Skúlagötu 63  
Opal hf.  
Sanitas hf.  
Sjónváttryggingarfélag Íslands hf.  
Smiht & Norland  
Timburverslunin Völundur hf.  
Verslunin Víðir, Starmýri 2  
Verslun Óla Þór  
Verkfræðistofan Hönnun hf., Höfðabakka 9  
Virkir, verkfræðiþjónusta, Höfðabakka 9  
Hf. Ölgerðin Egill Skallagrímsson

## LANDSLIDSMENN Í.A. Í KNATTSPYRNU:

|                        |    |        |
|------------------------|----|--------|
| Matthías Hallgrímsson  | 37 | leikir |
| Ríkharður Jónsson      | 33 | —      |
| Eyleyfur Hafsteinnsson | 26 | —      |
| Helgi Danielsson       | 25 | —      |
| Sveinn Teitsson        | 23 | —      |
| Teitur Þórðarson       | 20 | —      |
| Þórður Þórðarson       | 18 | —      |
| Guðjón Finnbogason     | 16 | —      |
| Þórður Jónsson         | 14 | —      |
| Björn Lárusson         | 10 | —      |
| Kristinn Gunnlaugsson  | 9  | —      |
| Halldór Sigurbjörnsson | 8  | —      |
| Jón Leósson            | 7  | —      |
| Haraldur Sturlaugsson  | 7  | —      |
| Pröstur Stefánsson     | 5  | —      |
| Árni Sveinsson         | 5  | —      |
| Pétur Georgsson        | 4  | —      |
| Guðjón Guðmundsson     | 4  | —      |
| Ingvar Elísson         | 4  | —      |
| Jón Alfréðsson         | 4  | —      |
| Dagbjartur Hannesson   | 3  | —      |
| Helgi Björgvinsson     | 2  | —      |
| Jón Gunnlaugsson       | 2  | —      |
| Einar Guðleifsson      | 1  | —      |
| Karl Þórðarson         | 1  | —      |

Nokkrir þessara 25 leikmanna léku landsleiki þegar þeir voru með öðru liði en Í.A.



---

Hvergi betra vöruval

Í KJÖTI

GRÆNMETI og ÁVÖXTUM

Verið velkomin.

Reynið viðskiptin.

**Verslunin**

**Einar Ólafsson**

Skagabraut 9—11 · Akranesi · Sími 2015

---

**Verslunin EPLIÐ**

Kirkjubraut 11

**Stórkostlegt úrval  
af fatnaði, hljómplötum  
og kassetum.**

ÓPIÐ LAUGARDAGA TIL HÁDEGIS

**EPLIÐ** c/o Karnabær

---

**Dómarastörf-  
in geta líka  
verið  
skemmtileg**



— rætt við hinn kunna knattspyrnumann og dómara  
Guðjón Finnbogason

Í leikskrá sem gefin var út í sambandi við leik ÍA og Omonia í 1. umferð í Evrópukeppni meistaraílda, var gerð nokkur grein fyrir upphafi knattspyrnunnar á Akranesi. Í þessari leikskrá ætlum við einnig að skeygnast dálítið aftur í timann. Rætt er við Guðjón Finnbogason, hinn gamalkunna knattspyrnukappa og milliríkjadómara um afskipti hans af knattspyrnunni í nútíð og fortíð og birt eru skrif Frimanns heitins Helgasonar, um einstaka leiki Skagamanna í Íslands-  
mótnu 1953, þegar þeir unnu Íslandsmeistaratilinn í annað skipti.

— Ég segi það nú kannski ekki, að það hafi ekki verið skemmtilegra að leika knattspyrnu en að starfa sem dómari, en vissulega hafa dómarastörfin margar skemmtilegar hliðar og mér hefur alltaf þótt það edlilegt framhald hjá knattspyrnumanni, sem ekki vill hverfa alveg frá íþróttinni, en er hættað að æfa, að gerast dómari. Ég held því nefnilega fram að þeir sem eiga langan feril að baki sem knattspyrnumenn og hafa því mikla reynslu, eigi að geta orðið betri dómara en hinir sem ekki hafa þetta, sagði Guðjón Finnbogason, hinn kunnir knattspyrnumaður og síðan milliríkjadómari í knattspyrnu, er við ræddum við hann stundarkorn áður en hann hélt til Írlands á dögum til að dæma þar leik í Evrópukeppninni.

Í sjálfu sér er óþarfi að kynna Guðjón Finnbogason fyrir íslenskum knattspyrnuáhugamönnum. Hann var í mörg ár einn okk-

---

# Botnsskálinn

Hvalfirði

Fullkomin veitingaaðstaða

í fögru umhverfi.

★

Athugið okkar

vinsælu grillrétti.

★

Shell bensín og oliur.

★

---

# Botnsskálinn

---

af allra besti knattspyrnumaður en hefur, síðan hann hætti að leika knattspyrnu, starfað sem dómari og er nú talinn einn okkar allra besti knattspyrnudómari og einn af okkar fáu milliríkjadómurum í knattspyrnu. En einhvern veginn er það nú svo, að Guðjón hefur haft lag á því að halda sér utan sviðsljóssins, þótt hann hafi átt að vera í því, og það kannski miklu frekar en margur annar.

Sannleikurinn er nefnilega sá að Guðjón var snillingur á knattspyrnuvelli og til marks um það má nefna að hann hélt sæti sínu í íslenska landsliðinu allt frá því að hann lék með því fyrst 1951 og þar til hann hætti að æfa knattspyrnu 1958 og þá enn besti framvörður landsins, hann hætti sem sagt á toppnum og þess vegna spurðum við hann hvers vegna hann hefði hætt svona snemma að leika?

— Það var nú ekki svo snemmt, ég var orðin 30 ára og menn leika ekki mikið lengur hér á landi. Ég get hins vegar fallist á það að ég hefði getað verið með 2 til 3 ár í viðbót. En gættu að því, að ég æfði og lék allan minn feril á mól, grasvellirnir voru ekki komnir þá, nema ef vera skyldi síðasta sumarið sem ég lék, og það slítur fótum knattspyrnumanna margfallega að leika á mól heldur en á grasi og ég var aðeins farinn að bila í fótunum. Þess vegna ákvað ég að hætta strax heldur en að leika mig niður sem kallað er. Þetta er helsta ástæðan fyrir því hve snemma ég hætti að æfa.

— Þú varst í Íslandsmeistaraliði ÍA í 2. fl. 1946 var ekki svo?

— Jú, við vorum þar margir sem síðan lékum með hinu svokallaða „gullaldarliði“ og ég er sammála því sem Ríkhartur hefur sagt að ævintýrið hafi byrjað þá hjá okkur skagamönnum á knattspyrnusviðinu. En upphafið að þessum ágæta 2. flokki hefur sjálf-sagt verið áhuginn sem Axel heitinn Andrésson kveikti hjá strák-um á þessum árum þegar hann ferðaðist um með kerfið sitt fræga, já, og æfingar þær sem hann hélt uppi þar sem hann var. Axel hefur áreiðanlega fengið fleiri stráka til að byrja í knattspyrnunni á þessum árum en margan grunar.

— Hvenær telur þú að gullaldarliðið hafi verið hvað allra sterkast Guðjón?

— Sennilega á árunum 1951 til 1954, annars var það svipað að styrkleika alveg til 1958, en þá vorum við orðnir nokkuð full-orðnir þessir elstu og sjálfsagt eitthvað farnir að gefa eftir.

— Þetta verður nú klassísk spurning, hvaða leikur heldur þú að

sé þér minnistæðastur af þeim sem þú hefur tekið þátt í sem leikmaður?

— Það er nú aldrei auðvelt að svara þessu, en ætli það sé ekki sigur okkar yfir Rínarúrvalinu, 5:0 sigurinn. Þetta var geysisterkt lið og ég er ekki viss um að ÍA-liðið hafi leikið öllu betur á þessum árum en einmitt þennan leik. Þar ofaná bættist að allt gekk upp hjá okkur í leiknum. Hann var nefnilega alls ekki svo ójafn þessi leikur, munurinn var bara sá að við áttum mjög beittu framlínu sem allt heppnaðist hjá í leiknum og við sem aftar lékum náðum okkur einnig mjög vel upp og allt small saman. Svo lékum við einnig á þessum árum gegn Þýskalandsmeisturunum sem þá voru, Hannover 96, og náðum jafntefli 1:1 úti í Þýskalandi. Þá lék liðið einnig mjög vel, örugglega einn okkar allra besta leikur. Nú, og svo eru manni auðvitað minnisstæðir landsleikirnir, svo sem 0:8 tapleikurinn gegn Frökkum 1957 úti í Frakklandi. Franska liðið náði svo að mig minnr 3ja sæti í HM í Svíþjóð árið eftir en þessi leikur okkar var einmitt liður í undankeppni HM. Það var fírnalega gott þetta franska lið, sennilega besta lið sem ég hef leikið á móti.

— Og nú ertu að halda til Írlands til að dæma þar leik í EB?

— Já, ég fer í fyrramálið (28. okt.) til Belfast og það vill svo einkennilega til að sá eini leikur sem ég hef dæmt erlendis áður var einnig í Belfast.

— Finnst þér munur á að dæma hjá áhuga- og atvinnumannaliðum?

— Já, það er gríðarlega mikill munur þar á. Hraðinn er svo miklu meiri hjá atvinnumönnum og harkan líka. Það þýðir ekkert að fara til að dæma leik hjá atvinnumannaliðum nema vera í góðri æfingu sjálfur.

— Hefurðu æft vel fyrir þennan leik?

— Það tel ég. Ætli ég hafi ekki hlaupið svona 5 til 6 km. tvisvar í viku síðan ég frétti að ég ætti að dæma þennan leik. Ég myndi ekki leggja út í þetta verr undirbúinn.

— Og að lokum Guðjón, ertu bjrtýnn á framtíð knattspyrnunnar á Akranesi?

— Það er nú varla hægt annað. Ég tel að það sé runnið upp hjá okkur nýtt gullaldartímabil og það sem er kannski gleðilegast að málefni yngri flokkanna hafa verið tekin mjög föstum tökum og hefur verið sérlega vel unnið að þeim málum í sumar. Nei við ætjum engu að þurfa að kvíða.



Skagamenn í Þýskalandi.

— Já, ég gleymdi einni spurningu, þeir hafa lagt hverja stoðina annarri betri til mfl. liðsins félagar þínir úr gullaldarliðinu, hvað með þig?

— Ja, ég á tvo stráka sem báðir æfa, við skulum vona að ég geti eitthvað lagt fram, sagði Guðjón og brosti um leið og hann kvaddi.

— S.dór



LANGHOLTSVEGI 115, - SÍMI 33 500

Talstöðvarbilar  
um allan bae  
allan  
eólarhringinn

# Frá Íslandsmótinu 1953

Mótið hófst mánudaginn 8. Júní með leik ÍA og Fram. Sex félag sendu lið til keppni í meistaraflokki, þ. e. Fram, KR, Valur, Víkingur, ÍA og Próttur, sem nú sendi lið til keppni í meistaraflokki í fyrsta skipti.

Liðunum var skipt í tvo riðla. Í A-riðli voru ÍA, Fram og KR, en í B-riðli voru Valur, Víkingur og Próttur.

Allir leikir riðlakeppinnar að einum undanskyldum fóru fram í júnímánuði, en þá var mótinu frestað vegna landsleikja við austur-riksmenn hér heima og dani og norðmenn úti, auk þess sem heim-sóknir erlendra liða settu strik í reikninginn.

Mótinu var síðan framhaldið í byrjun september og úrslitaleikurinn milli ÍA og Vals var háður mánudaginn 7. september.

Eins og fyrr sagði, var fyrsti leikur akurnesinga við Fram, mánudaginn 8. Júní og var eftirfarandi skrifað um leikinn:

Knattspyrnumót Íslands var hátíðlega sett á íþróttavellinum í Reykjavík. Gengu öll liðin sem þátt taka í mótinu inn á völlinn í búningum sínum undir íslenskum fána sem var borin af Kristni Einarssyni, gömlum fimleikakappa.

Var þetta fríður hópur þótt hvorki KR eða Valur hefðu fullt lið og sumir Valsmanna gengu í síðbuxum. Er leikmenn höfðu tekið sér stöðu fyrir framan stúkuna flutti formaður KSÍ, Sigurjón Jónsson, setningarræðu. Gat hann þess að þetta væri 42. mót-ið. Þá gat hann þátttakendanna sem eru Akranes, Fram, KR, Valur, Víkingur og Próttur, sem nú tekur þátt í Íslandsmóti í fyrsta sinn. Lúðrasveit lék við þetta tækifæri og setningin hin hátíðleg-asta þó á skyggði suðaustan bræla og skúrir. Eins og áður hefur verið frá skýrt er keppt í riðlum og eru í A-riðli: Akranes, Fram og KR, en í B-riðli: Valur, Víkingur og Próttur. Sigurvegarar úr riðlumum keppa svo til úrslita.

Það er varla hægt að segja annað en að þessi fyrsti leikur hafi verið skemmtilegur og mikill af „spennandi“ augnablikum sem fær áhorfendur til að hljóða upp.

Fram byrjaði með óvæntum hraða og brá fyrir sig stuttum samleik sem setti Akurnesinga svolítið útaf laginu, og þó Fram

léki heldur á móti vindi lá til að byrja með lítið á þeim. Það fór þó svo að knötturinn fór fyrst í mark Akranes. Raunar var það fyrir misskilning bakvarðar og markmanns, en af bakverðinum vinstri hrökk hann í netið eftir langspyrnu frá Guðmundi Jóns-syni. Tóku Skagamenn nú að færast í aukana og gera nú mörg skæð áhlaup og á 31. mín. gerir Sveinn Teitsson áhlaup hægra megin, brýst fram völlinn, sendir knöttinn út til Halldórs sem fylgist með. Halldór miðjar vel en þar er Ríkharður fyrir og skallar óverjandi í mark. Litlu síðar á Ríkharður skot í þverslá, Pétur nær knettinum og skaut í mannlaut mark og aftur lendir knötturinn í stöng. Framarar gera við og við áhlaup en þau eru ekki hættuleg, að undanteknu því er Dagbjartur hafði opið tækifæri en skaut framhjá, en þar við sat. Hálfleikur endaði 1:1.

Í síðari hálfleik komu yfirburðir Akranes fram en sá hálfleikur var þeirra. Áhlaup Fram í þessum hálfleik voru tilviljanakennd og einkenndust af löngum spörkum án „heimilsfangs“. Þó kemur fyrsta mark Akranes ekki fyrr en 13 mín. af leik, að Ríkharður skorar. Þóður hafði rétt áður átt gjórsamlega opin færi eftir snjall-an undirbúning frá Ríkharði. Á 21. mín gerir Ríkharður þriðja markið í leiknum með skalla eftir að Halldór hafði leikið á bak-vörðinn og miðjað vel.

Síðasta markið gerði svo Þóður á 25. mín. Í þessum hálfleik var oft skemmtilegt að sjá áhlaup Akranespiltanna, hraða þeirra og öryggi í samleik. Sóknarlinan hafði líka sérlega góðan stuðning af hliðarframvörðunum sem höfðu völdin á miðju vallarins.

Besti sóknarmaður Akranes var Ríkharður. Þóður einnig hreyf-anlegur, fljótur og kröftugur. Þóður vinstri útherjinn gerði Karli Guðmundssyni erfitt fyrir með leikni sinni, yfirsýn og hugvæmni. Hann hefur ekki sagt sitt síðasta orð ef hann æfir. Halldór er þeirra hæglátastur en er leikinn og skilar oft vel knetti. Pétur var líka vel með. Aftasta vörnin er veikasti hluti liðsins, þó er Dag-bjartur þar undanskilinn sem leikur öruggt. Sem heild er liðið mjög sterkt á okkar mælikvarða. Næmt auga fyrir samleik, leikið, öryggir með skalla, og hafa góða knattmeðferð. Hæpið er í dag að dugi að „dekka“ Ríkharð og Þórð.

Framliðið byrjaði vel, en hefur sennilega skort úthald. Þeir voru líka með þrjá nýliða, (Jóhann, Kristján og Birgi) en í svona erfið-um leik er það eðlilegt að það sjái á. Þeir lofa annars góðu en vant-ar reynslu og kraft. Karl Guðmundsson er nú kominn aftur og er það mikill styrkur fyrir Fram. Hann er í mun betri þjálfun en í



## HÚSBYGGJENDUR!

Framleiðum einangrunarplast í háum gæðaflokki til hvers konar einangrunar.  
Flytjum vöruna á byggingarstað á Stór-Reykjavíkursvæðinu, yður að kostnaðarlausu.

Hagkvæmt verð — Greiðsluskilmálar

## Borgarplast hf.

Borgarnesi — Sími 93-7370  
Helgar- og kvöldsími 93-7355

## BJARNALAUG

### OPNUNARTÍMAR

|             |             |             |                     |
|-------------|-------------|-------------|---------------------|
| Mánudaga    | 7,30— 8,50  | 17,00—18,45 | 20,15—21,15         |
| Þriðjudaga  | 7,30— 8,50  | 17,00—18,45 | 20,00—21,15         |
| Miðvikudaga | 7,30— 8,50  | 17,00—18,45 | 20,15—21,15         |
| Fimmtudaga  | 7,30— 8,50  | 17,00—18,45 | 20,00—21,30 (konur) |
| Föstudaga   | 7,30— 8,50  | 17,00—18,45 | 20,15—21,15         |
| Laugardaga  | 7,30— 8,50  | 14,00—18,45 |                     |
| Sunnudaga   | 10,00—11,45 |             |                     |

### BADSTOFA:

|             |                      |
|-------------|----------------------|
| Mánudaga    | 16,30—21,15 (konur)  |
| Þriðjudaga  | 16,30—21,15 (karlar) |
| Miðvikudaga | 16,30—21,15 (konur)  |
| Fimmtudaga  | 16,30—21,15 (konur)  |
| Föstudaga   | 16,30—21,15 (karlar) |
| Laugardaga  | 14,00—18,45 (karlar) |

Börn fá ekki aðgang eftir kl. 20,00.

vor, og skammt í það að hann náði fyrri ára getu, en á hann reyndi mjög í viðureigninni við unga manninn frá Akranesi. Magnús hefur tekið sér frí í bili, en Halldór Lúðvíksson lék í hans stað, og gerði það allvel og verður ekki ásaður fyrir mörkin. Birgir lék í stað Guðmundar sem var veikur. Sæmundur og Guðm. Jónsson voru vel virkir fyrir hluta leiksins, en er á leið urðu þeir að gefa eftir á miðju vallarins og tengingin milli sóknar og varnar bilaði, og þá fer alltaf illa. Haukur átti góðan leik, þótt ekki gengi hann heill til liðar. Framlínan er veikari hlutinn, Óskar, Karl Bergmann og Dagbjartur náðu þó stundum laglegum skiptingum. Dagbjartur vann mikið og reyndi oft að losa sig við nafna sinn en hann vantar leikni. Nýliðarnir vinstra megin lofa góðu en vantar enn eðlilega mikið til að fylla upp það sem vantar í sóknarlínu Fram í augnablikinu.

Urslit leiksins voru nokkuð réttlát, eftir leik og tækifærum, hefði einns getað verið 6:2. Akranesingar sýndu enn að það verða leikir þeirra sem setja svip á þetta Íslandsmót.

Dómari var Haukur Óskarsson. Áhorfendur um 2000.

Selnni leikur akurnesinga í riðlinum var við KR og fór sá leikur fram fimmtudaginn 18. júní og er þetta að finna um þann leik:

Það mátti sjá á áhorfendafjöldanum, sem kominn var á völlinn á auglýstum tíma, að eftirvænting var mikil í sambandi við leik þennan. Þó urðu þeir að biða 10 mín. eftir að leikur hefist. Akranes á markval og kys að leika á suðurmarkið undan dálitlum skáhlíðarkalda.

Til að byrja með eru liðin dálítið hikandi eins og þau séu að þreifa fyrir sér. Akranes á fyrsta hættulega áhlaupið, þar sem Þórður kemst upp að endamörkum vinstra megin, en Bergur tekur skotið. Næst er það KR sem fær tækifæri en Sigurður Bergsson hittir illa og skotið fer framhá. Á 15. mínútu kemst Þórður Þórðarson inn fyrir og upp að endamörkum hægra megin, sendir knöttinn fyrir markið, Ríkharður nær honum ekki og hann fer til Þórðar Jónssonar sem skýtur, en knötturinn lenti í fæti varnarmanns.

Litlu síðar á Gunnar Guðmanns skot er straukst yfir stig.

Leikurinn er ekkert ójafn, þó manni finnst sem hætta sé meiri við mark KR, en Bergur leikur vel með úti á vítateignum. Á 31. mínútu fær Akranes horn, Halldór tekur það mjög vel og Ríkharður skallar í mark. Aðeins 4 mínútum síðar gerir Halldór einleiksáhlaup, vann einvigi við Guðbjörn, hleypur upp að enda-



*Frá vinstri: Guðjón Finnbogason, Kristján Sigurjónsson, Magnús Kristjánsson, Halldór Sigurbjörnsson, Þórður Þórðarson, Ólafur Vilhjálmsson og Ríkharður Jónsson.*

mörkum og leggur hann fyrir fætur Þórðar P. sem hefur ekkert fyrir að yta honum inn fyrir línu. Þetta dró nokkuð úr KR-ingum, án þess þó að um „pressu“ væri að ræða.

Í byrjun síðari hálfleiks á Ólafur Hannesson gott skot, sem skriður rétt fyrir ofan stöng. Aðeins mínútu síðar er Þórður kominn út til hægri, búinn að hlaupa alla af sér og sneiðir knöttinn með vinstri fæti utanfótar fram hjá Bergi er hlaupið hafði fram, 3:0. Aftur á Ólafur Hannesson skot rétt yfir stöng og litlu síðar á Þorbjörn skot, sem hann tekur beint úr miðju frá Ólafi, en það var einnig of hátt eða straukst ofan við þverslá. Það var eins og „huldir verndarvettir“ bæðu allri hættu frá marki Akraness. Í síðari hálfleik lá við og við á Akranesi, en hætta skapaðist sjaldan. — Hættan var meiri við KR-markið er áhlaupin komu. Á 34. mín. gerði Pétur Georgsson 4. markið fyrir Akranes. Síðustu 10 mínúturnar höfðu Akurnesingar sóknina í sínum höndum. Eftir gangi leiksins virðist sanngjarn að KR hefði sett mark eða mörk, og eftir tækifærum, sem misnotuðust, hefði 6:2 verið nær sanni.

Hins vegar, ef dæma á eftir því hvar knötturinn lá meir í þessar 90 mínútur, gæti jafntefli komið til greina.

#### **Framlína Akraness jákvæð við markið.**


Það er ekki nóg að geta leikið og haldið knettinum og komið honum upp að vítateigi mótherjans. Það verður að sameinast um að koma honum í markið, og í því lá fyrst og fremst orsökinn fyrir því, að KR setti ekki mark hjá Akranesi, og eins að Akranes setti mark hjá KR. Þeir áttu meiri hugkvæmni og kraft er að loka-átakinu kom.

Annað eiga þeir líka í fórum sínum sem KR átti ekki, en það var, að þeir eru oft fljóttir að finna beinu leiðina fram með lágum jarðarsendingum. Í stað þess velja KR-ingar oftast loftleiðir, sem vörn Akurnesinga veitist oftast auðvelt að ráða við. Eitt er það enn, sem Akranes hafði fram yfir KR, og það er að leika knettinum strax og vinna þá oftast tíma. KR-ingar vilja oftast „dúlla“ svoltið við hann fyrst og tapa tíma. (Þetta gera öll liðin í Reykjavík).

KR-ingar börðust allan tímann eins og hetjur og var oft mikill hraði í leiknum, sem var skemmtilegur á að horfa. Hafi dagskipan KR-inga verið sú sama og í fyrra, að „loka“ Þórði og Ríkharði, þá hefur hún farið út um þúfur að mestu leyti, sérstaklega að því er snertir Þórð, sem sleit sig lausan frá Steini hvað eftir annað og skapaði hættu. Steinar trufaði Ríkharð meira, en eins og spáð var hér fyrir leikinn, var það ekki nóg, lið Akraness er orðið svo jafnt, og það sem verra er, KR-liðið er ekki í sinni bestu þjálfun, hverjum sem um það á að kenna.

#### **Leikmenn.**

Þó lið Akraness sé jafnt er það þó framlínan sem er betri hlið þess. Allir frískir og leiknir. Halldór átti ágætán leik, því Guðbjörn er ekki fyrir að draga af sér eða gefa eftir. Þórður Jónsson einnig. En bestu mennirnir voru þó Þórður Þórðar og Ríkharður. Pétur er frískur og á hörkuskott líka. Sveinn Teits og Guðjón veita framherjunum ómetanlega aðstoð með ágætum leik og var Sveinn oft sérlega góður. Dagbjartur er öruggasti maður varnarinnar. Ólafur Vilhjálmsson sleppti nafna sínum Hannessyni lítið lausum. Sveinn Benediktsson opnaði stundum, og hleypti Sigurði Bergs full lausum. Magnús lék einn sinn besta leik í marki. Allt liðið hefur það sameiginlegt að leita að manni fremur en sparka út í loftið.



FLJUGIÐ MEÐ VÆNGJUM



Reykjavíkurlflugvelli, sími 26066.

---

**TENERIFE  
FERÐIR**

FERDASKRIFSTOFAN  
**ÚRVAL**

Eimskipafélagshúsinu sími 26900

**Úrval býður yður  
góða ferð**

---

Bergur í markinu bjargaði því sem bjargað varð, og þýddi styrk fyrir liðið. Hver einstakur maður í öftustu vörninni lék betur en venjulega, en það nægði ekki til að hindra hraða og sóknarákafa Akraness. — Steinar hafði vanþakklátt verk, að gæta Ríkharðs, sem ekki tókst nema að nokkru leyti. Hörður Felixsson vann mikið og truflaði margt áhlaupið en byggði ekki eins upp og oft áður. Gunnar og Þorbjörn voru bestu menn framlínunnar. — Hörður Óskars er of seinn. Hraði Ólafs naut sín ekki. Sigurður Bergsson hafði oft tækifæri með knöttinn vegna þess hve frír hann var, en hann notaði það oftast heldur illa.

Dómari var Hannes Sigurðsson og dæmði vel. Áhorfendur voru um 4000, og veður var hið besta.

Mikil spenna var í sambandi við úrslitaleikinn milli ÍA og Vals og eftirfarandi hugleiðingar voru settar fram daginn sem hann fór fram:

## **Hvor vinnur Akranes eða Valur?**

Þessari spurningu mun margur varpa fram í dag, en úrslit Íslandsmótsins fara fram í dag kl. 5 á Íþróttavellinum. Mjög munu spádómar misjafnir hvernig fara muni, en fleiri munu þeir þó vera sem hallast að sigri Akraness, ekki síst eftir hinn lélega leik Vals móti Víkingi á miðvikudag. Nú má fyllilega gera ráð fyrir að Valur leiki ekki tvo slíka leiki í röð, og svo hefur það sýnt sig að undanförunu að félagin hér hafa náð sínum bestu leikjum við Akranes. Það er eins og Akranes hafi þvingað þau til að taka leikina alvarlega, og einbeita sér gegn þeim. Frammistaða Ríkharðs í Þýskalandi með Fram sýnir að hann er búinn að ná sér eftir meiðslin í vor og er líka að sjálfsgöðu kominn í fulla þjálfun, sem hann var ekki rétt eftir meiðslin eða þegar landsleikirnir fóru fram, sem varla var von. Verður það effitt hlutverk að halda honum niðri í þessum þýðingarmikla leik og hæpið að Hafsteini takist það. Þá má búast við skemmtilegri viðureign milli Sveins Helgasonar og Þórðar.

Akranes hefur fengið alvarlegar áminningar í sumar hvað snertir varnarskipulag leiks þeirra og uglaust hafa þeir tekið allt það til athugunar.

Valsliðinu virtist ekki takast upp móti Víkingi. Er ekki að vita



hvort liðið hefur átt „slæman dag“ eða það sé **ekki** í góðri þjálfun. Lið Vals er því nokkur ráðgáta, og ekki útilokað að það geti komið á óvart.

Eftir öllum sólarmerkjum að dæma eru sigurmöguleikar Akraness þó heldur meiri. Varla fer hjá því að leikurinn verður spennandi og vafalaust munu margir koma og sjá þennan aðalleik aðal mótsins.

**Eins og áður greindi, fór úrslitaleikurinn milli ÍA og Vals fram mánu-  
daginn 7. september og var eftirfarandi skrifað um leikinn:**

Það var engan veginn hagstætt veður sem úrslitaleikur þessa 40. Íslandsmóts fór fram í, en eigi að síður var hann frá upphafi til enda skemmtilegur og „spennandi“. Áhorfendur létu sig heldur ekki vanta fremur en fyrri daginn þegar Akraness leikur og það þótt suðvestan kalsaveður væri með skúrum, og þeir fengu vissulega skemmtun fyrir inngangseyrinn.

#### **Gangur leiksins.**

Valur vann hlutkestið og kaus að leika undan vindinum.

Til að byrja með er leikurinn nokkuð þöfkennur, eins og menn séu að leita fyrir sér. Valsmönnum tekst illa að hemja knöttinn undan vindinum, spörkin verða of löng og auðveld fyrir vörn Akraness.

Þeim tekst ekki að leika inn undir vítateiginn og skjóta. Fyrsta tækifærið er á 4. mín. Sigurður er kominn innfyrir á ská við markið en dettur er hann ætla að skjóta og litlu síðar á Einar skalla á mark Akraness sem kom ofan á marknetið. Það er Halldór í liði Akraness sem fær fyrsta tækifærið, áhlaupið gengur fram hægramegin og hann kemst innfyrir, en skaut langt framhjá.

Fyrstu 10 mín. lá heldur á Akranesi, sem þó gera áhlaup við og við. Á þrettándu mín fær Valur horn og skall hurð nærri hælum að mark yrði, og 4 mín. síðar annað horn og á Einar Halldórs þá hörku skot yfir. Af og til bregður fyrir allgóðum samleik hjá báðum og voru Akurnesingar oft all nærgöngulir þó opið færi gæfist ekki.

Það er ekki fyrr en á 24. mín. að fyrsta markið kemur og gerir Þórður það eftir áhlaup frá hægri, nær knettinum með óskiljanlegu móti frá Sveini Helga, og skorar af stuttu færi. Línuvörður



*Bikarinn á heimleið.*

veifar þar sem Þórður tók knöttinn með sér með hendinni en dómurinn sá það ekki og tók ekki tillit til línuvarðarins.

Eftir 5 mínútur jafnar Hafsteinn Guðm. með föstu skoti, sem Magnús gat ekki bjargað. Hörður á líka gott skot eftir skemmtilegan samleik með Sigurði, en það fór rétt framhjá. Undir lok hálfleiksins gerðu Skagamenn harða hrif að marki Vals hvað eftir annað, án þess að þeim tækist að skora. Nokkrum mín. fyrir leikhlé spyrnir Sigurður Sigurðs. hátt fyrir markið með þeim árangri að knötturinn dettur inni markið rétt fyrir aftan Magnús, og þar með lauk hálfleiknum 2:1 fyrir Val. Þetta jók spennninginn, og spurningin varð: tekst Valsmönnum að halda þessu, margt er til í knattspyrnu, fæstir munu þó hafa gert ráð fyrir því.

#### **Síðari hálfleikur.**

Síðari hálfleikur hófst með sókn Vals sem var fljótt hrundið og hafin gagnsókn, og eftir 3. mín er horn á Val sem ekkert verður úr og á næstu mín annað sem Halldór sparkaði fyrir aftan. Á 4. mín. er dæmd aukaspyrna á Val rétt við vítateig. Ríkharður spyrnir í „vegginn“ sem Valsmenn höfðu gert og Ríkharður fær hann aftur og spyrnir gegnum smásmugu er komið hafði á „vegginn“ og í mark 2:2.





## Akraborgin er fyrir alla HF. SKALLAGRÍMUR

### Verzlunin ÓÐINN

KIRKJUBRAUT 5

Sigur er vis með

**adidas** 

Alls konar sportvörur hjá okkur  
í miklu úrvali.

Verzlunin ÓÐINN

Akranesi

Næstu 8 mín. gerðist lítið. Það hallaði heldur á Val án þess að Akranesi tækist að skapa sér opin tækifæri. Nú hófst besti kaflí Vals í þessum leik, sem helst í 12 til 15 mín. Þeir halda upp sókn með góðum samleik, en þeim tekst aldrei að opna svo vörn Skagamanna að hættulegt væri og var Dagbjartur þar mestur þrándur. Eftir það áttu Akurnesingar margar harðar sóknarlotur með nokkuð góðum samleik uppbyggðum af framvörðunum, Sveini Teits og Guðjóni.

#### För knötturinn gegnum netið?

Á 23. mín. dæmir dómariinn mark, sem aldrei mun upplýsast hvort var mark eða ekki mark.

Knetti er sparkað frá marki, Dagbjartur spyrnir honum hátt til baka og þegar knötturinn stöðvast er hann í markinu fyrir aftan Helga. Rétt áður hafði línuvörður veifað fyrir rangstöðu á Ríkharð sem var inni í markteig er hinn svífandi knöttur kom. Dómariinn tók þetta ekki til greina, en bentí á miðju. Þá mótmæltu Valsmenn og segja að knötturinn hafi farið inni markið gegnum netið fyrir aftan þverslá, og benda á gat sem þar var komið sem þeir segja, að knötturinn hafi farið í gegnum. Guðjón vill ekki taka það til greina, og lætur byrja af miðju. Eftir leikinn upplýsir Guðjón og fleiri ábyrgir menn að þetta gat á netinu hafi ekki verið í leikbyrjun og gatið var nákvæmlega í þeirri stefnu sem knötturinn kom niður. Það verður því sterkur grunur, sem því miður verður víst aldrei hægt að staðfesta að knötturinn hafi farið „bakdyramegin“ í markið.

Varla verður þó sagt að Guðjón hafi „gatað“ á þessu verkefni, svo einstætt er þetta. Það væri þá helst á því að hafa látið leikinn halda áfram og vita af þessu gati á neti marksins og eins að athuga ekki óhreinindi við slitnu möskvana.

Eftir þetta hefur Akranes leikinn alveg í hendi sinni og gerir hvert áhlaupið á fætur öðru mjög fallega. Það voru aðeins fá og kraftlaus áhlaup af Vals hendi. Það fór þó svo að Skagamönnum tókst ekki að skora meir í leiknum.

Úrslit leiksins eru réttlát. Líð Akraness var heilsuþyrtara og hættulegra í sókn sinni. Þó vafi leiki á fyrsta og þriðja markinu, breytir það ekki þeirri staðreynd að Íslandsmeistaratitillinn 1953 fór til besta félagsins.

Það skal líka viðurkennt, að leikur Vals var betri en búist var

við sem varð til þess að kringum þennan úrslitaleik var góð „stemning“ og skemmtileg óvissa langan hluta leiksins.

#### Liðin.

Í leik þessum bar óvenjulítið á Ríkharði, en fyrir því sá Halldór Halldórsson, sem fylgdi honum fast eftir. Þó var það svo að „trífið“ bar uppi sóknarþungann, sérstaklega var Þórður harður og vann mörg einvígi við Svein Helga. Pétur hefur átt betri leiki án þess að vera neitt slakur í þessum leik. Útherjarnir voru veikustu menn sóknarinnar, Halldór sótti sig þó í síðari hálfleik og slapp vel frá honum. Þórður J. virtist ekki eins jákvæður og í vor. Sveinn Teits og Guðjón áttu báðir góða leiki og réðu oft lögum og lofum á miðju vallar. Dagbjartur lék einnig mjög vel. Sama er að segja um bakverðina Svein og Ólaf, af þeim verður vart krafist meira. Magnús í markinu stóð sig vel nema hvað hann átti að verja síðara markið.

Besti maður Valsliðsins var Halldór Halldórsson, sem nú lék framvörð, settur til höfuðs Ríkharði, en hann leysti það hlutverk fullkomlega, og var auk þess oft með í uppbyggingu áhlaupa. Helgi Dan í markinu sýndi enn einu sinni að lof erlendra blaða um hann er ekkert oflof. Magnús var betri í þessum leik en nokkru sinni í sumar. Jón var góður í hindrunum en hann á oft í erfiðleikum með spörkin. Sveinn Helga virtist oft eiga erfitt með Þórð en ekki kom það að sök. Aftasta vörnin virtist yfirleitt ekki leika eftir þriggja bakvarðakerfinu. Gunnar Sigurjóns er ekki í æfingu, en slapp þó furðu vel frá þessum leik.

Framlínan var nokkuð losaraleg og eins og mönnum gangi ekki vel að finna hvern annan. Hörður og Gunnar Gunnarsson eru nokkuð hreyfanlegir og gerðu margt laglega. Hafsteinn var, sérstaklega í síðari hálfleik, of aftarlega og kom því ekki með í sóknina, en var annars kvikari en oft áður. Einar vann mikið en er oft of stórskorinn. Sigurð vantar meiri kraft í svona harða leiki, en leikinn er hann.

Guðjón Einarsson dæmdi yfirleitt mjög vel nema í þau tvö skipti, sem sagt hefur verið frá og um má deila.

Á eftir afhenti form. KSÍ, sigurvegurinum bikarinn, og hverjum keppanda pening, til minja. — Er þetta í annað sinn sem Akranes vinnur mótið. KR hefur unnið það 14 sinnum, Fram 11 sinnum, Valur 11 sinnum og Víkingur 2 sinnum. 1913—1914 var ekkert mót en Fram var þá handhafi bikarsins.

# Veðrið eftir pöntun

Nú má taka orlofið á öllum árstímum.  
Flugfélagin flytja þig í veg fyrir sólina, hvert á jörð sem er.

Þú segir til, hvoru megin við núll gráður þú vilt vera, og við finnum rétta hitastigið.  
Í Flórída eða Gambíu, Kanaríeyjum eða Kitzbühel, allt eftir því hverju síst er eftir.

**FLUGFÉLAG LOFTLEIDIR  
ÍSLANDS**

**Félög sem færa heiminn nær**

